



Reykjavík, 4. desember 2024

VEL24100017

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### **Efni: Svar við fyrirspurn velferðarráðs um barnaverndarúrræði á vegum ríkisins og þróun vistgreiðslna hjá Reykjavíkurborg**

Þann 3. október 2024 lagði velferðarráð fram svohljóðandi fyrirspurn um barnaverndarúrræði á vegum ríkisins og þróun vistgreiðslna hjá Reykjavíkurborg:

*Velferðarráð óskar eftir að fá yfirlit yfir barnaverndarúrræði á vegum ríkisins og þróun þeirra frá 2005 og þróun útgjalda Reykjavíkur til vistgreiðslna á sama tíma.*

#### **Svar:**

Samkvæmt 79.gr. barnaverndarlaga nr.80/2002 er það hlutverk Barna- og fjölskyldustofu að annast uppbyggingu og rekstur heimila og stofnanna fyrir börn og ungmenni sem þurfa sérhæfða meðferð, vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnavanda og meintra afbrota. Einnig ber þeim að veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika. Allt frá árinu 1996 hefur stofan rekið Stuðla sem hafa haft þrjúþætt hlutverk, að sinna neyðarvistun ungmenna, að reka meðferðardeild þar sem fram fer meðferð og greining í átta til tólf vikur, og síðustu ár hafa Stuðlar einnig rekið stuðningsheimili fyrir ungmenni sem verið hafa í meðferð og þurfa stuðning út í lífið á ný.

Þegar horft er til þróunar í þessum málaflokki síðustu tvo áratugi má sjá áherslu á að nota gagnreyndar aðferðir í vinnu með ungmenni og að vinna að málefnum þeirra í nærumhverfi. Þessi vegferð hófst árið 2008 með innleiðingu á fjölkerfameðferð undir heitinu MST. Sýnt hefur verið fram á árangur þessarar aðferðar með rannsóknum og árangursmælingum bæði hérlendis og erlendis. Samhliða þessu hefur rekstri sérhæfðra meðferðarheimila víðs vegar um landið verið hætt og/eða þeim fækkað.

Árið 2005 rak Barna- og fjölskyldustofa sjö meðferðarheimili. Þessi heimili voru:

- Torfastaðir
- Geldingalækur
- Meðferðarheimili Götusmiðjunnar
- Árbót
- Hvítárbakki
- Háholt
- Laugaland



**Reykjavík**



Frá hausti 2023 hefur Barna- og fjölskyldustofa einungis yfir að ráða þremur meðferðarheimilum, Stuðlum, sem áður hefur verið rætt um, Bjargey sem sinnir meðferð stúlkna, og Lækjarbakka sem hefur síðustu ár sinnt langtímameðferð drengja en því heimili var lokað á haustmánuðum á þessu ári vegna myglu í húsnæðinu og því sinna Stuðlar einnig meðferð fyrir drengi um tíma þar til önnur lausn verður fundinn. Að auki hafa Stuðlar þurft að sinna öryggisvistun og framfylgja gæsluvarðhaldsúrskurðum síðustu mánuði sem hafa enn aukið á álag á þeirri stofnun og lengt biðtíma þeirra ungmenna sem þurfa á þjónustu þeirra að halda eftir úrræðum.

Áður var vikið að þróun meðferðarúrræða fyrir ungmenni og greint frá því að mikil áhersla hefur verið á MST meðferð síðasta áratug. MST meðferðin er fyrir ungmenni á aldrinum 12-18 ára, sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda sem birtist í afskiptum lögreglu, erfiðleikum í skóla, ofbeldi og vímuefnanotkun. Barnaverndarþjónustur um allt land geta vísað í úrræðið og meðferðin stendur til boða um land allt. MST tekur öllu jöfnu 3-5 mánuði og felst fyrst og fremst í að auka færni foreldra til að takast á við vanda barna sinna. Almenn er stefnt að því að bæta samskipti og samheldni innan fjölskyldunnar, tengsl og samráð foreldra og skóla og annarra lykilaðila í umhverfi barnsins. Úrræðið fer fram á heimili fjölskyldunnar og gerir þá kröfu að barnið búi á heimilinu. Sérhæfður meðferðaraðili hittir foreldra, og eftir aðstæðum barn, á heimili þeirra eftir samkomulagi. Foreldrar hafa jafnframt aðgengi að meðferðaraðila til ráðgjafar í síma allan sólarhringinn. Sýnt hefur verið fram á góðan árangur þessarar meðferðar hjá meirihluta þeirra fjölskyldna sem taka þátt í henni. Ef meðferðin ber ekki ásættanlegan árangur þá er hún undanfari frekari meðferðar á vegum Barna- og fjölskyldustofu. Oftast tekur þá við greiningar- og meðferðarvistun á Stuðlum og ef það dugir ekki til þá í kjölfarið meðferð til lengri tíma.

Hjá Barnavernd Reykjavíkur hafa mörg ungmenni tekið þátt í MST frá því að úrræðið var sett á og góður árangur náðst. Eftir stendur að nokkur fjöldi ungmenna þarf frekari meðferð að MST meðferð lokinni og kemur þá til vistunarúrræða, sem eins og áður sagði eiga lögum samkvæmt að mestu leyti að vera á höndum ríkisins skv. 79.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þar sem þessum úrræðum hefur fækkað hefur kostnaður Barnaverndar Reykjavíkur aukist verulega þegar kemur að þessum vistunum. Auk þess þurfa ungmennin oft að bíða eftir úrræðum í vikur eða mánuði og getur vandi þeirra aukist töluvert á þeim tíma.

Hér má sjá þróun kostnaðar Barnaverndar Reykjavíkur vegna barna sem þurfa vistun frá árinu 2014 til ársins 2023.

Tafla 1

ÁR	HEILDARKOSTNAÐUR	FJÖLDI BARNNA
2014	330.011.669	254
2015	310.398.388	264
2016	384.841.959	282
2017	500.833.795	306
2018	616.881.737	323
2019	804.596.340	323
2020	1.117.551.183	398





2021	1.146.724.758	413
2022	1.670.950.751	386
2023	2.222.759.415	374

Þessar tölur innihalda kostnað vegna fósturs, bæði er um tímabundið fóstur að ræða og varanlegt þar sem Barnavernd Reykjavíkur fer með forsjá og vistun hjá einkaaðlinum líkt og Klettabæ, Vinakoti og síðust tvö ár hjá Heilindum.

Barna- og fjölskyldustofu ber að útvega fósturheimili þegar að kemur til tímabundins, varanlegs eða styrkts fósturs. Einnig ber stofunni að greiða hluta kostnaðar þegar um styrkt fóstur er að ræða. Til þess að það geti gerst þurfa fósturforeldrar að sitja námskeið hjá sérfræðingum og fá sérstakt leyfi. Síðustu ár hefur það komið nokkrum sinnum til að Barna- og fjölskyldustofa samþykkir að barn þurfi styrkt fóstur en finnur ekki aðila til þess að sinna því eða þá að bið er eftir því að viðkomandi fósturforeldrar komist á námskeið og hefur þetta falið í sér aukinn kostnað fyrir Reykjavíkurborg.

Ofangreind umfjöllun snýr að þróun í barnaverndarúrræðum á vegum ríkisins frá árinu 2005 og útgjöldum Reykjavíkurborgar vegna vistgreiðslna frá árinu 2014 til ársins 2023. Sjá má að þessi útgjöld hafa aukist verulega á síðustu árum, einkum vegna þess að uppbygging og rekstur heimila á vegum Barna- og fjölskyldustofu hefur ekki átt sér stað í samræmi við þarfir samfélagsins í dag. Þrátt fyrir góðan árangur MST meðferðar og þeirra fáu úrræða sem stofan rekur þá er þörf á mun fleiri plássum á sérhæfðum og fjölbreyttum meðferðarstofnunum og fleiri fósturheimilum sem geta tekið á móti börnum og ungmönnum.

